

Lög

um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, með síðari breytingum (skatthlutfall).

1. gr.

Í stað „0,376%“ í 4. gr. laganna kemur: 0,145%.

2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal gjaldhlutfall sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki á árunum 2021–2023 vera sem hér segir:

- a. Við álagningu árið 2021 verður gjaldhlutfallið 0,318% vegna tekjuársins 2020.
- b. Við álagningu árið 2022 verður gjaldhlutfallið 0,261% vegna tekjuársins 2021.
- c. Við álagningu árið 2023 verður gjaldhlutfallið 0,203% vegna tekjuársins 2022.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

Samþykkt á Alþingi 4. desember 2019.